

FRÉTTABRÉF PRENTSÖGUSETURS

1. tbl. janúar 2016



Gleðilegt nýtt ár

Stjórn Prentisöguseturs óskar félagsmönnum sínum og velunnurum gleðilegs nýs árs og farsældar á nýbyrjuðu ári, með kærri þökk fyrir þann stuðning sem þið hafið sýnt okkur og starfinu. Hér á eftir fer lauslegt yfirlit yfir störf stjórnarinnar það sem liðið er af starfstíma hennar.

Stofnfundur

Þegar blásið var til stofnfundar Prentisöguseturs var að því talsverður undirbúningur. Fyrstu hugmyndir að slíku setri/safni fæddust árið 2004, þegar nokkrir áhugasamir einstaklingar úr bókiðngreinum settu saman hóp til að vinna að málinu. Úr framkvæmdum varð ekki á þeim tíma.

Það var hins vegar haustið 2014 að nokkur hópur úr sama geira ákvað að láta drauminn um Prentisögusafn/setur rætast. Eftir nokkra undirbúningsvinnu, þar sem samfélagsmiðlar voru nýttir til hins ítrasta, var stofnfundurinn svo haldinn 21. febrúar sl. Eins og segir í samþykkt fundarins um stofnun setursins er tilgangur þess að „stuðla að varðveislu tækja, verkfæra og prentgripa sem sýna þróun í þeim handverksgreinum sem saman mynda prentiðnað, setningu, prentun og bókband, ásamt þróun tækja og vinnubragða.

Markmið Prentisöguseturs skal vera að safna, skrá, varðveita, stuðla að rannsóknum á og sýna minjar sem tengjast prentsmiðjurekstri og bókagerð á Íslandi frá upphafi, með megináherslu á þróun tækjabúnaðar, efnisnotkunar og vinnubragða.“

Í anda þessarar samþykktar hefur stjórnin starfað.

Á fundinum var kjörin fimm manna aðalstjórn og tveir varamenn. Sú regla hefur verið viðhöfð að varamenn eru ævinlega boðaðir á stjórnarfundi.

Stjórn Prentisöguseturs, mynd tekin að loknum stofnfundi. Talið frá vinstri: Svanhvít Stella Ólafsdóttir, Jón Arnar Sandholt, Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Heimir Br. Jóhannsson og Þóra Elfa Björnsson.



Framhaldsstofnfundur

var haldinn 9. maí. Í ljós kom, þegar að því kom að skrá félagið hjá Ríkisskattstjóra og gera það þannig að formlegum lögaðila með kennitölu og tilheyrandi, að Prentsögusetur þurfti að hafa lög um starfsemi sína staðfest af aðalfundi. Því var farið í talsverða vinnu við að setja saman lög um starfsemina og tilgang Prentsöguseturs. Ekki þótti stætt á að biða aðalfundar að ári, þannig að blásið var til framhaldsstofnfundar, þar sem lögin voru samþykkt.

Viljayfirlýsing

Stjórn Prentsöguseturs setti saman drög að „Viljayfirlýsingu Prentsöguseturs og Jóhanns Jónssonar um hýsingu Prentsöguseturs í húsnæði Eyrar ehf á Eyrarbakka“, þar sem fram kom „vilji til samstarfs um að koma upp aðstöðu fyrir lifandi safn á vegum Prentsöguseturs í húsnæðinum Eyrar ehf á Eyrarbakka. Yfirlýsing þessi sýnir fram á stuðning beggja aðila við verkefnið og skapar nauðsynlegan trúverðugleika.“

Í yfirlýsingunni er samvinnan skilgreind þannig að setrinu er ætlað ákveðið svæði í húsnæði Eyrar, kveðið er á um geymsluástöðu fyrir tæki og tól þar til frágangi húsnæðisins er lokið og að húsnæðið verði tilbúið til uppsetningar setursins eigi síðar en 1. okt. 2018 með raflögnum og nauðsynlegum

vatnslögnum. Loks er ákvæði um að geti Eyri ekki staðið við skuldbindingar sínar eða fari í þrot, séu munir í eigu og umsjá Prentsöguseturs og til staðar í húsnæði Eyrar undanþegnin skyldum og kvöðum sem kunna að hvíla á Eyri ehf.

Þessi drög að viljayfirlýsingu hafa ekki verið undirrituð, enda var ætlunin sú að Eyri kæmi sjónarmiðum sínum um málefnið á framfæri. Þóra Elfa, Svanur og Haukur Már funduðu með Jóhanni um þetta mál og fleiri 28. september. Jóhann sagðist þá hafa sent drögin til lögmanns síns en ekki hafa rekið á eftir skoðun hans. Stjórnin telur nauðsynlegt að til staðar sé yfirlýsing af þessu tagi.



Skeggrætt í frystihúsinu á Eyrarbakka. Þóra Elfa, Þórleifur V., Björn G. sýningahönnuður, Heimir Br., Jóhann Jónsson, eigandi húsnæðisins og Svanur.



Stjórnarfundir

hafa verið haldnir fimm sinnum. Meðan Tækniskóli var í gangi á vorönn nutum við góðs af húsnæði í fjölmiðladeildinni, en annars hafa fundirnir verið haldnir heima hjá stjórnarmönnum.

Vefsvæði Prentsöguseturs

Verið er að setja upp vefsvæði Prentsöguseturs. Það er Páll Svansson sem setur hana upp í samvinnu við stjórn setursins. Hann mun einnig verða vefstjóri og sjá um uppfærslu og uppsetningu í

fram tíðinni. Páll er lærður prentsmiður, en hefur starfað við vefsíðugerð. Hann tekur að sér umsjón vefsíðunnar án endurgjalds og er ástæða til að þakka honum það.

Starfshópur um hugmyndafræði

Stjórnin ákvað að setja á stofn eins konar starfshóp um það hvernig hugmyndafræðin að baki Prentsöguseturs skuli koma fram í starfseminni þegar þar að kemur. Hugmyndafræðinni er nokkuð vel lýst í þeim markmiðum sem samþykkt voru á stofnfundinum, en hópnum er ætlað að koma framkvæmdinni í orð og stefnumörkun. Ákveðið var að fá í hópinn tvo einstaklinga utan stjórnar sem eins konar kjarna og einn stjórnarmann sem tengilið við stjórnina. Hópnum er heimilt að kalla til þá einstaklinga sem honum þykir nauðsynlegt. Í hópnum eru þær Málfríður Finnbogadóttir bókasafnsfræðingur og Katrín Jónsdóttir prentsmiður. Þórleifur V. Friðriksson er tengiliður við stjórn.

Samstarf við Björn Georg

Áður en kom til formlegrar stofnunar Prentsöguseturs áttu þau Þóra Elfa Björnsson og Haukur Már, fyrir hönd undirbúningshóps, fund með Birni Georg Björnssyni sýningahönnuði. Björn er löngu kunnur fyrir uppsetningu og hönnun sýninga af ýmsu tagi um land allt. Hann sýndi verkefninu strax mikinn áhuga og hefur verið

okkur innan handar allar götur síðan. Kom á stofnfundinn og ræddi mögulega uppsetningu á því verkefni sem stefnt er að. Hann hefur einnig komið með stjórnarmönnum austur á Eyrarbakka og skoðað það húsnæði sem haft er í huga. Hann vinnur nú að frumhönnun á húsnæði og sýningarrýmis.



Stjórn Prentsöguseturs hefur farið nokkrar ferðir austur á Eyrrabakka, til viðræðna við eigendur húsnæðisins og til að fylgjast með þróuninni í standsetningu húsnæðisins. Hér er stjórnin í fyrirhuguðu húsnæði, sem hingað til hefur verið nýtt sem geymslupláss fyrir bílhýsi, húsvagna, tjaldvagna og einstaka bát. Frá vinstri Heimir Br. Jóhannsson varaformaður, Þórleifur V. Friðriksson meðstjórnanndi, Þóra Elfa Björnsson ritari, Svanur Jóhannesson gjaldkeri og Haukur Már Haraldsson formaður.

Ferð að Hólum

Þeir Jón Arnar Sandholt og Haukur Már fóru norður að Hólum 15. ágúst að sækja gripa sem Björn G, Björnsson hafði forgöngu um að Prentsmiðjusetur eignaðist. Um var að ræða leikmynd sem hann hafði sett upp fyrir sýningu sem sett var upp í tilefni uppgreifar gömlu prentsmiðjunnar á Hólum. Meðal annars var í leikmyndinni setjari, en hann fylgdi þó ekki með tækjunum; hann er orðinn fjósamaður á landbúnaðarsýningu á Hvanneyri.

Á stofnfundinum orðaði Björn þetta svo:

„Í tilefni af 1000 ára afmæli kristni á Íslandi árið 2000 hannaði ég sýningu Kristnihátíðarnefndar og Þjóðskjalasafns í Þjóðmenn-ingarhúsinu. Þar var meðal annars sett upp eftirgerð af prentverkinu á Hólum. Að sýningunni lokinni sá ég til þess að hún yrði



gefin að Hólum. Nú hefur rektor Hólaskóla, Erla Björk Örnólfsdóttir, fallist á að gefa eftirgerðina hinu tilvonandi Prentsögusetri, sem er þá einhvers konar heimanmundur frá fyrsta prentsetri Íslands til ykkar.“

Tækin sem sótt voru eru nú geymd í Einarshafnarhúsi á Eyrrabakka [gamla Alpanhúsið], en vegna framkvæmda og lélegs ástands þaksins á frystihúsinu fyrrverandi var ekki talið ráðlegt að geyma hluti þar. Í Einarshafnarhúsi höfum við hins vegar fengið aðstöðu – þótt smá sé – til að geyma tæki og tól.

Gjafir boðnar og gefnar

Nokkuð hefur verið um að Prentsögusetri hafi verið boðnar gjafir, tæki og prentgripir.

Heimir Br. Jóhannsson í Bókamiðstöðinni [varaform. Prentsöguseturs] hefur boðið fram tæki að vild, ef svo má segja; handsetningartól, prentvélar og bókbandsvélar ýmsar. Birgir Fredriksen hjá Prentvali býður ljóssetningarvélar; Vilberg Sigtryggsson saumavél fyrir bækur og pappasax. Frá Stykkishólmi hringdi Hjördís Pálsdóttir og bauð fram brotvél úr prentsmiðju nunnanna þar í bæ.

Björg Einarsdóttir rithöfundur gaf setrinu tvær bækur prentaðar í Viðey 1837; önnur í skinnbandi en hin í lélegu bandi.

Einar Benediktsson í Hveragerði hefur afhent okkur að gjöf Leiðarvísi í sjómennsku, eftir Sveinbjörn Á. Egilsson. Prentuð í Prentsm. D. Östlund 1906.

Jónína María Sveinbjörnsdóttir vill gefa safninu um 35 stk prentklissur frá útgáfu Þórhalls Bjarnarsonar prentara, sem var afi hennar.

Kristján A. Helgason gefur:

- 1) Verkfallstíðindi 7.tbl. og 11. tbl. (2 eint.)
- 2) Reikningur frá Prentsm. Klif á Patreksfirði.
- 3) Ljósrit úr Grafiske Arbejdere frá 1984, frétt um verkfallið.
- 4) Eddupóstur 26. Tbl. 1986
- 5) Prentarinn frá 3.4 1984
- 6) Ýmiss prenttæki: Tréhamar, bensínbrúsi, klissur (prentmót), auk ýmissa smágripa.